

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Kópavogsbraut 79. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. júlí 2006 tillögu að deiliskipulagi við Kópavogsbraut 79 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 29. maí 2006.

Í tillögunni felst að rífa íbúðarhús með risi og kjallara og tveimur íbúðum byggt 1961 og í þess stað reisa fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara og tveggja bílskúra. Samanlagður gólfhlötur hússins er áætlaður 707 m², nýtingarhlutfall lóðar er áætlað um 0,82 og hámarkshæð hússins er fyrirhuguð 6,2 metrar miðað við aðkomuhæð. Miðað er við 2 stæði á íbúð innan lóðar, samtals 8 stæði.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogsbæjar 28. febrúar 2006 var skipulagsstjóra falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2006 til 2. maí 2006 með athugasemdafresti til þriðjudagsins 16. maí 2006. Athugasemdir bárust frá lóðarhöfum Þinghólsbrautar 38, dags. 15. maí 2006, Þinghólsbrautar 40, dags. 14. maí 2006, Þinghólsbrautar 42, dags. 10. maí 2006 og Kópavogsbrautar 81, dags. 12. maí 2006.

Á fundi skipulagsnefndar 16. maí 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt áður nefndum athugasemdum. Erindinu var frestað og bæjarskipulagi Kópavogsbæjar falið að taka saman umsögn varðandi innsendar athugasemdir. Á fundi skipulagsnefndar 20. júní var erindið samþykkt ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 29. maí 2006 og tillögunni vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 27. júní 2006 var erindinu frestað. Á fundi bæjarráðs dags. 13. júlí 2006 var erindið ásamt ofangreindri umsögn dags. 29. maí 2006 samþykkt.

Þetta tilkynnist Skipulagsstofnun hér með.

Nýbýlavegur 54. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. september 2006 tillögu að deiliskipulagi við Nýbýlaveg 54.

Í tillögunni felst að íbúðarhús byggt 1956 sem nú stendur á lóðinni er rífið og fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara með tveimur innbyggðum bílskúrum er byggt í þess stað. Uppdrættir í mkv. 1:500 og 1:200 dags. í apríl 2006.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 11. apríl 2006 var tillagan lögð fram til fyrri umræðu og skipulagsstjóra falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 9. maí 2006 til 8. júní 2006 með athugasemdafresti til 22. júní 2006. Athugasemdir bárust.

Á fundi skipulagsnefndar 4. júlí 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt áður nefndum athugasemdum.

Á fundi skipulagsnefndar 5. september 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn bæjarskipulags og tillögu KRark dags. 4. ágúst 2006. Í tillögunni er komið til móts við framkomnar athugasemdir um fjarlægð fyrirhugaðrar nýbyggingar að lóðamörkum Nýbýlavegar 52. Uppdrættir í mkv. 1:500 dags 4. ágúst 2006 ásamt skýringarmyndum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 28. nóvember 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2006